Ed. **458. Tillaga**

til þingsályktunar um að skora á stjórnina að halda uppi landhelgisgæslu fyrir Austurlandi.

Flutningsm.: Ingvar Pálmason.

Efri deild Alþingis ályktar að skora á landsstjórnina að halda uppi landhelgisgæslu fyrir Austfjörðum þegar á þessu ári, að minsta kosti á tímabilinu frá 1. september til nóvembermánaðarloka.

Ástæður.

Fyrir Austurlandi, sem og annarsstaðar kringum land, er ágangur botnvörpuskipa á landhelgi allmikill. Eru sjerstaklega mikil brögð að slíkum ágangi á vissum tímum árs. Úti fyrir Austur-Skaftafellssýslu er það einkum á tímabilinu frá 15. mars til mailoka, sem botnvörpuskipin sækjast eftir að geta veitt í landhelgi, því að á þeim tíma gengur fiskur oftast mjög grunt þar eystra. Því til sönnunar má benda á, að oftar en einu sinni hafa þessi skip

strandað þar á söndunum með vörpuna úti. Fyrir Austfjörðum er það aftur á móti sjerstaklega á tímabilinu frá 15. ágúst til áramóta, sem ágengni botnvörpunganna á landhelgi er mest, þó einkum kringum Gerpi, Glettinganes og meðfram Langanesi að austan, alt inn að Viðvikurbjörgum.

Undanfarin ár hefir alls engin landhelgisgæsla verið framkvæmd á þessu svæði, og ekki er vitanlegt, að landsstjórnin hafi gert neinar ráðstafanir til slíkrar landhelgisgæslu. Nú þegar ríkið hefir tekið Þór, að minsta kosti að nokkru leyti, í sína þjónustu til landhelgisgæslu, má fyllilega vænta þess, að þessi hluti landhelginnar verði varinn álíka og aðrir fiskisælir staðir kringum landið, sjerstaklega þegar þess er gætt, að á Austfjörðum er útvegur að mjög verulegum hluta rekinn á smábátum, sem aðallega stunda veiðar innan landhelgi, og mikill fjöldi manna á lífsbjörg sína og afkomu undir því, að fiskimiðin sjeu ekki eyðilögð af yfirgangsseggjum útlendum nje innlendum. Suður-Múlasýsla hefir um langt skeið verið tekjudrýgsta sýslan á landinu fyrir ríkissjóð, þegar frá eru dregnir kaupstaðirnir, en allmikill þáttur tekjustofnsins er einmitt smábátaútvegurinn í sýslunni. Það virðist því mjög kröftug sanngirniskrafa standa að baki þessarar þingsályktunartillögu og allar ástæður mæla með, að hún verði samþykt.